

Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhreppur
Jakobína Ósk Sveinsdóttir
Skólatröð 9
601 Akureyri

Garðabær, 14. febrúar 2024
Málsnúmer: 202401-0056
IAS/RTh

Efni: Rammahluti aðalskipulags, byggð á Vaðlaheiði. Kynning tillögu á vinnslustigi.

Vísað er í erindi í gegnum skipulagsgátt frá Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhreppi, dagsett 10. janúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um rammahluta aðalskipulags - þróun byggðar í Vaðlaheiði, kynning tillögu á vinnslustigi.

„Tilgangur með gerð rammahluta aðalskipulags er að leggja fram heildstæða stefnu um þróun byggðar í Vaðlaheiði til framtíðar. Stuðlað verði að hagkvæmri þróun íbúðarbyggðar í dreifbýli og frístundabyggðar og gætt skuli að umhverfissjónarmiðum. Horft er á skipulagssvæðið sem eina heild þrátt fyrir að um tvö sveitarfélög sé að ræða. Með heildarstefnu fyrir svæðið verður leitast við að nýta eiginleika svæðisins með skynsamlegum hætti.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir á þessu stigi málsins.

Á skipulagssvæðinu hafa fundist fjölmargar valista- og friðaðar plöntutegundir og er nauðsynlegt að farið verði í gróðurkortlagningu á svæðinu áður en lengra er haldið. Þetta eru maríulykill (*Primula stricta*) í hættu (EN) og friðuð, blæosp (*Populus tremula*), flæðalófótur (*Hippuris tetraphylla*), rauðberjalyng (*Vaccinium vitis-idaea*), súrsmæra (*Oxalis acetosella*) og flóajurt (*Persicaria maculosa*) í nokkurri hættu (VU) og friðaðar og eggvíblaðka (*Neottia ovata*) í yfirvofandi hættu (NT). Mikilvægt er að gróðurkortlagningin fari fram á þeim tíma þegar þessar tegundir eru í blóma. Jafnframt þarf að skoða fuglalíf á skipulagssvæðinu.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

